

**Nefndasvið Alþingis**  
**Samgöngunefnd**  
**b/t Elínar Valdísar Þorsteinsdóttur**  
**nefndarritara**  
**Austurstræti 8-10**  
**150 Reykjavík**

Reykjavík, 13. apríl 2008.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 81/2003, um fjarskipti, með síðari breytingum (523. mál).

*Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp þar sem lögð er til innleiðing á tilteknum ákvæðum reikireglugerðar og alþjónustutílskipunar Evrópusambandsins.*

Við frumvarp þetta gerir Viðskiptaráð nokkrar athugasemdir. Fyrir það fyrsta er að finna í 2. gr. frumvarpsins heimild til handa Póst- og fjarskiptastofnun (PFS) að leggja á svokallaðar smásölukvaðir, en hingað til hefur PFS einungis verið heimilt að leggja á heildsölukvaðir. Ákvæði þetta er sagt vera innleiðing 17. gr. alþjónustutílskipunar ESB, en það hefur víst fallið milli skips og bryggju að fjalla um nýtt frumvarp framkvæmdastjórnar ESB til breytingar á því ákvæði. Verði það frumvarp innleitt í Evrópurétt munu fjarskiptalögin ganga lengra en tílskipunin. Viðskiptaráð hefur ávallt lagt höfuðáherslu á að löggjafinn, við innleiðingu evrópureglna, skapi ekki séríslensk íþyngjandi ákvæði enda eru slík ákvæði einungis til þess fallin að auka réttaróvissu.

*Viðskiptaráð leggur til að beðið verði með innleiðingu 17. gr. alþjónustutílskipunarinnar þar til ljóst verður hvort frumvarp framkvæmdastjórnarinnar verði að veruleika eður ei.*

Sé það ekki vilji löggjafans að fresta innleiðingu ákvæðisins telur Viðskiptaráð að rétt væri að innleiða aðrar reglur þess. Hvað það varðar skal sérstaklega horft til 5. mgr. 17. gr. sem kveður á um að smásölueftirlit komi ekki til greina ef samkeppni er virk á afmörkuðum landfræðilegum markaði eða ákveðnum notendamarkaði.

Enn fremur er afar mikilvægt að óljóst inntak ákvæðisins verði skýrt nánar í lagatextanum. Ljóst er að ákvæðið felur í sér umtalsvert svigrúm fyrir PFS til afskipta af rekstri fyrirtækja. Slík afskipti, ef þau eru á annað borð réttlæt看leg, eiga ávallt að vera grundvölluð á einkar skýrum, ótvíræðum og hlutlægum lagaákvæðum. Ákvæða þetta verður seint talið einkennast af framangreindu. T.a.m. er ekki ljóst hvort heimildin eigi eingöngu við í kjölfar greiningar á smásölumörkuðum eða hvort PFS geti beitt heimildinni þegar stofnunin telur álagðar heildsölukvaðir ekki hafa skilað viðunandi árangri.

Að mati ráðsins ætti ákvæðinu að vera breytt í þá veru að PFS væri einungis heimilt að leggja á smásöluþvæði ef sýnt er að álagning heildsöluþvæða duga ekki. Slík breyting væri í samræmi við stefnu ESB og EFTA, þ.e. að fjarskiptaeftirlit eigi fyrst og fremst að miða að álagningu þvæða á heildsölustigi.

Til að koma í veg fyrir að PFS hlaupi í smásöluþvæði við minnstu ástæður er afar mikilvægt að ákvæðið kveði á um að aðeins verði gripið til álagningar smásöluþvæða þegar ákveðinn tími, sem ætti að vera mjög rúmur, hefur liðið frá álagningu heildsöluþvæða og sýnt þyki að þær þvæðir hafi ekki leyst hin samkeppnislegu mál sem þau beindust að. Í þessu augnamiðið er einnig afar mikilvægt að kveðið verði á um að smásöluþvæðum verði aðeins beitt til að leysa fyrirfram skilgreind samkeppnismál og að meðalhófs skuli gætt í allri málsmeðferð. Að endingu telur Viðskiptaráð rétt að smásöluþvæðir séu aðeins lagðar á að undangenginni nýrri markaðsgreiningu, þ.e. greiningu á smásöluþvæðum.

*Sé það ekki vilji löggjafans að bíða átektu eftir frekari þróun Evrópuréttarins á þessu sviði leggur Viðskiptaráð til gagngerar breytingar á ákvæði frumvarpsins.*

Hvað 3. gr. frumvarpsins varðar er afar mikilvægt að tekið verði tillit til séraðstæðna hérlendis, þ.e. þess að gjaldmiðill okkar er ekki tengdur Evrunni á einn eða annan hátt og sveiflukennds eðlis hans. Reikiverð er ákveðið í júní ár hvert og byggir núverandi reikiverð því á nær ársögömlu viðmiðunargengi, en eins og flestir vita þá hefur gengi krónunnar fallið um 30% síðan þá sem hefur leitt til slakrar og hugsanlega neikvæðrar framlegðar af reikisímtölum. Að mati Viðskiptaráðs er því afar mikilvægt að fjarskiptafyrirtækjum verði gert kleift að gera upp reikisímtöl á EES-svæðinu í erlendri mynt og birta verðskrár í þeirri mynt.

*Viðskiptaráð leggur til að fjarskiptafyrirtækjum verði gert kleift að gera upp reikisímtöl og birta verðskrár sínar í erlendri mynt.*

**Viðskiptaráð leggur til að frumvarpið nái ekki óbreytt fram að ganga.**

Virðingarfyllst,

*Haraldur I. Birgisson*

Haraldur I. Birgisson  
Lögfræðingur Viðskiptaráðs